



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Kvistaborg**

**2023 – 2024**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	9
3 Innra mat Reynilundar .....	14
4 Innra mat Asparlundar og Birkilundar .....	17
5 Innra mat Víðilundar .....	19
6 Innra mat sérkennslu .....	21
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	23
8 Foreldrasamvinna .....	23
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	24
10 Fylgigögn .....	24
<b>10.1 Fylgiskjal nr. 1 Skóladagatal.....</b>	<b>24</b>
<b>10.2 Fylgiskjal nr. 2 Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstlands í Fossvogi.....</b>	<b>24</b>
<b>10.3 Fylgiskjal nr. 3 Öðruvísi dagar í Fossvogi, Fossvogsskóli - Neðstaland – Furuskógur - Kvistaborg .....</b>	<b>24</b>
<b>10.4 Fylgiskjal nr. 4 verkefni Kvistaborgar – Ábyrgðarmenn.....</b>	<b>24</b>
<b>10.5 Fylgiskjal nr. 5 fagstarf með börnum – Ábyrgðarmenn .....</b>	<b>24</b>
<b>10.6 Fylgiskjal nr. 6 - Umsögn foreldraráðs.....</b>	<b>24</b>

## Leiðarljós leikskólans

Sýn okkar er að börn séu fróðleiksfús, forvitin og virk í eigin lífi. Það er leikskólans að skapa öruggt og lærdómsríkt samfélag þannig að þau fái notið sín.

**Kennarar Kvistaborgar** settu niður sína sýn á leikskólastarfið og er hún sá leiðarvísir er einkennir starfið:


- Við teljum nauðsynlegt að veita börnunum **þá þekkingu og þá hæfileika** sem þau þurfa á að halda til að vera **virkir þátttakendur** bæði í samfélagi skóla og í því fjölþjóðlega samfélagi sem við búum í.
- Við teljum jafn mikilvægt að skólinn ásamt fjölskyldunni og öðrum stofnunum taki þátt í að byggja upp **ábyrg viðhorf og æskilega hegðun**.
- Við viðurkennum **mikilvægi leiks og íþróttá** í uppbyggingu **heilbrigði á líkama og sál**.
- Við viljum veita börnunum tækifæri til **skapandi tjáningar**.
- Við erum á **móti hvers konar mismunun** byggðri á kynþætti, þjóðerni, trúarbrögðum eða kyni.
- Við teljum að skólinn verði að bjóða upp á umhverfi þar sem börn með mismunandi bakgrunn læri **að þekkja, skilja og virða hvert annað**.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Í upphafi vetrar 2022-2023, var mjög blómleg starfsmannastaða og við þurftum ekki að auglýsa eftir kennurum. Því höfum við aldrei lent í áður. Ástæður þess er kannski fyrst og fremst tvær, skólinn hefur ekki enn stækkað upp í fyrri stærð eftir að mygluframkvæmdir hófust árið 2021, við erum enn frekar lítill fámennur skóli og svo hin ástæðan að þeir starfsmenn skiluðu sér til baka eftir fæðingarorlof. Sem sagt algjör kjör staða, sem við erum ekki vön, en ágætis tilbreyting. Aðlögun og vetrarstarfið var allt á áætlun haustið 2022, en 16 ný börn byrjuðu hjá okkur þetta haustið.

Mygla og Covid19 hefur truflað starfsemina töluvert árin á undan, en það hafði nær engin áhrif á okkur í vetur, það var kærkomið fyrir alla, börn, foreldra og kennara, að geta hætt að hugsa um það og bjóða alla velkomna inn í skólann að nýju. Þó svo að við vitum að hvort tveggja sé enn til staðar, þá upplifum við það eins og við séum í auga stormsins, í logni í augnablikinu, og við bíðum eftir að framkvæmdir hefjist að nýju á húsnæði Kvistaborgar, því við hlökkum mikið til að komast undir eitt þak.

Við byrjuðum haustið með látum með því að halda upp á 50 ára afmæli Kvistaborgar 1972-2022. Við héldum upp á stórafmælið með dásamlegri veislu og opnu húsi. Við gáfum út afmælistímarit í tilefni afmælisins, settum upp minningarsýningu í salnum með skemmtilegum fróðleik í máli og myndum, höfðum opið hús og buðum foreldrum og börnum að syngja fyrir alla og voru þau með sýningu á verkum sínum. Fyrrum starfsmönnum Kvistaborgar var boðið að mæta. Við heiðruðum starfsaldurforseta Kvistaborgar. Skelltum okkur í skrúðgöngu, þar sem starfsmenn Kvistaborgar slógu taktinn. Við buðum upp á afmælistöku og tókum á móti gestum sem mættu og fögnuðu með okkur og afmælisbarninu. Foreldrafélagið gaf tónlistaratriði, og fékk til þess Magnús Kjartan Eyjólfsson, úr Stuðlabandinu, einn sá vinsælist í dag eftir brekkusönginn á Þjóðhátíð og tók hann lagið og hélt stuðinu uppi úti undir berum himni og veðrið lék við okkur seinasta klukkutímann. Við lögðum mikið í þennan dag og vorum ákaflega stolt og þakklát eftir afmælið.





Í október 2022, tók leikskólastjóri einnig við að stýra leikskólanum Garðaborg tímabundið til áramóta, sem framlengdist fljótlega um óákveðinn tíma, eða þar til niðurstaða fæst með framtíð Garðaborgar, en sá skóli þurfti að loka og flytja vegna myglu í janúar 2023.

Kennarar og starfsmenn Kvistaborgar fóru í námsferð innanlands til Reykjanesbæjar. Þar heimsóttum við tvo skóla, Stapaskóla og Skógarás upp á Ásbrú og fengum skemmtilega innsýn inn í þeirra skólastarf sem að sjálfsögðu nýtist okkar kennurum í starfi.

Hér fyrir neðan gefur svo á að líta fjölda starfsmanna og starfsheita í Kvistaborg næsta skólaár. Að auki eru 3 starfsmenn í tímavinnu hjá okkur í vetur og vinna með námi. Tveir starfsmenn með aðra háskólamenntun stunda meistaranám í leikskólakennarafærðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Fagmenntun starfsmanna	Stöðugildi 2023- 2024	Fjöldi starfsmanna 2023-2024
Leikskólakennarar	4,5	5
Háskólamenntun á uppeldissviði	3,825	5
Önnur háskólamenntun	4	4
Starfsmenn	2,85	4
Sérkennsla / stuðningur	0	0
Matráður /aðstoð	1,5	2
	<b>16,675</b>	<b>20</b>

### Skólaárið 2022-2023

- Þrír starfsmenn hættu, einn færði sig um starfsvettvang, annar settist á skólabeck og sá þriðji fór í fæðingarorlof.
- Einn sumarliði sumarið 2022 (ungur starfsmaður)
- Tveir vinnuskólanemar voru hjá okkur sumarið 2022 (hafa lokið 9. eða 10. bekk)
- Þrír meistaranemar voru í verknámi í Kvistaborg frá Menntavísindasviði. (einn neminn kom frá okkar skóla og tveir komu frá öðrum skólum, Grandaborg og Furuskógi)
- Einn starfsmaður okkar og nemi í leikskólakennarafræðum fór í verknám i annan skóla.

### Barnahópurinn:

23 börn útskrifuðust ágúst 2023 og 1 barn fór í fimm ára deild Ísaksskóla.

Í Kvistaborg verða 55 börn í vetur 2023-2024 á fjórum aldurshreinum deildum.

- Víðilundur 12 börn
- Birkilundur 15 börn
- Asparlundur 11 börn
- Reynilundur 17 börn



## Barnaheill:

Við styðjumst við verkefni Barnaheilla, sem kallast vináttuverkefni. Í þessu samhengi er vert að minnast á að við notum verkfæri frá Vöndu Sigurgeirsdóttur kennara á Menntavísindasviði, til að meta barnahópin og félagsleg samskipti og samþykki innan hans og einnig á milli kennara og barna. Tekið er á einelti og unnið sérstaklega með þau börn sem koma slök út úr mati.

## Lubbi finnur málbein:

Lubbi er virkur á öllum deildum Kvistaborgar og yfirferð þyngist og eflist með hækkandi aldri barna. Ef áhugi er fyrir hendi, þá bjóðum við foreldrum upp á námskeið í Lubba. Hins vegar er alltaf sérstök Lubbakennsla fyrir nýja starfsmenn.

## LÁN:

Í framhaldi af Biophilia verkefninu var Kvistaborg boðið að taka þátt í nýju verkefni að nafni Listrænt ákall til náttúrunnar. Þar gildir að nýta náttúruna og afurðir hennar í hverskyns sköpun ásamt því að fræða börnin um listir og náttúruvernd. Á síðasta ári fór verkefnið „Kjarval álfar og tröll“, á flug hjá börnum fæddum 2018 og 2019 og endaði með sýningu á Kjarvalsstöðum á Barnamenningarhátíð og bar sýningin heitið Kjarvalkrakkarnir, en þau skírðu verkefnið sjálf. Þar sýndu börnin listir sínar og sungu kjarvalrappið sem má finna á Spotify. Verkefnið byrjaði smátt, en fór á flug eftir að við höfðum samband við Kjarvalsstaði og vinnan og ferlið var einstaklega skemmtilegt þar sem farið var á dýptina og listamaðurinn Kjarval skoðaður niður í kjölinn sem leiddur var áfram með virkni, gleði og áhuga barnanna.

## LAL:

Kvistaborg nýtti styrkinn sinn í innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til að innleiða Leikur að læra „LAL“. Þar er lagt upp með að blanda saman hreyfingu og kennslu til að auðvelda börnum að læra og tengja við þeirra eðlislæga leik. LAL er gjarnan notað í útikennslu enda hentar námsefnið vel til þess. Við eigum alveg eftir að innleiða einn þátt í verkefninu og það er að tengja verkefnið við foreldra með börnunum og það væri gaman að ná þeim árangri, næsta vetur. Þriggja og fjögurra ára börn vinna mest með LAL.

## Biophilia:

Verkefnið hófst árið 2015 og þetta er því níunda skólaárið sem það er hluti af starfinu í Kvistaborg með elstu börnunum (árg. 2017). Á vorönn 2023 var „Vírus appið“ í Biophilia og líkaminn tekinn fyrir í vísndalegri og skapandi vinnu. Verkefnið kom mjög vel út og náðist að skrásetja vel stöðu barnanna og þekkingu þeirra á líkama og líkamspörtum. Ásamt því að vinna í appinu í Ipad fer fram ríkt skapandi og færðandi vinna um líkamann og allt sem honum tengist og oft sköpuðust fjögur umræður.

## Útinám:

Útinám er fyrir þriggja og fjögurra ára börn og er ein skipulögð kennslustund í hverri viku yfir vetrarmánuðina. Þetta starfsár voru börnin á Asparlundi í útinámi einu sinni í viku. Útinám byggir á því að tengja náttúrufræði, sköpun og almenna kennslu saman; kenna börnunum að lesa í náttúruna og færa námið út fyrir kennslustofuna. Það hefur sýnt sig að almenn kennsla, svo sem stafa- og



tölukenntsla, nær betur til barnanna þegar hún er færð inn í frjálsan og skapandi leik, úti og inni. LAL hefur bætt ferskum blæ við námsleið barna og oft litast kennslustundir úti af hugmyndafræði LAL.

### Heilsueflandi skóli:

Kvistaborg er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Við vorum almennt ekki í miklum tengslum við verkefnið í vetur, vegna anna í öðrum verkefnum, en við í Kvistaborg leggjum mikla rækt við hreyfingu og útiveru barna á öllum deildum, úti sem inni.

Hér skiptir einnig sköpum að í Kvistaborg er boðið upp á heimaeldaðan mat alla daga, hugað er vel að næringu barna og starfsmanna og við hugum vel að geðheilbrigði allra. Það er eins og rauður þráður í öllu starfinu.

### Samstarf við Víking:

Víkingur hefur í sex ár verið í samstarfi við leikskóla í hverfinu og boðið elstu börnunum okkar (stundum næsta árgangi fyrir neðan) í íþróttasalinn í Víkinni. Þjálfari er Elías Hlynur Lárusson. Elsta deildin fer einn morgunn aðra hverja viku í Víkina. Frábært boð hjá Víkingum sem við þiggjum með þökkum og börnin njóta.

### Íþróttakennsla:

Við leggjum mikla áherslu á að öll börn fari í hreyfistund einu sinni í viku í vetrarstarfinu. Við erum alltaf með íþróttadaga í maí og skólahlaup Kvistaborgar þegar við náum því. Næsta vetur verðum við með skemmtilegt verkefni sem mun efla bæði hreyfingu barna og kennara, en við hlutum styrk frá Lýðheilsusjóð Hverfisins, sem hvetur okkur til enn frekari dáða, en birtingarmynd þess verkefnis má sjá á vorönninni 2024.

### Barnameningarhátíð:

Elsta árganginum, nú fædd 2017, er hverju sinni boðið að taka þátt í Barnameningarhátíð og að syngja í Hörpu, sem er stórkostleg upplifun og foreldrar eru boðnir á tónleika. Dagskráin að þessu sinni voru lög eftir Ragnhildi Gísladóttur.

Börn fædd 2018 og 2019 opnuðu sýningu á Kjarvalsstöðum á Barnameningarhátíð og sýndu verk sín og fluttu Kjarvalsrappið sem má finna á Spotify.

### Heimsóknir erlendra kennara:

Það var gestkvæmt í Kvistaborg þetta árið. Það er gefandi fyrir leikskólastarfið að fá góða gesti og fræðandi að fá innsýn í þeirra starf, áherslur, aðbúnað og aðstæður og mjög gaman að geta sýnt þeim með stolti skólann okkar.

Tengslanet okkar stækkar og við eigum auðveldara með að fara í skólaheimsóknir erlendis til að efla okkur í nýjum og framandi straumum.

### Gestir síðasta skólaárs:

- Einn kennari kom frá Spáni í skuggakennslu – Erasmus verkefni.
- Frá Ljubljana í Slóveníu, kom stór hópur kennara í dagsheimsókn.
- Tveir kennarar komu frá norður Frakklandi í skuggakennslu í viku í gegnum Erasmus verkefni.



- Nítján kennarar komu frá Berlín í Þýskalandi, frá skóla sem vinnur mikið með sjálfbærni.
- Að auki fengum við nokkra kennara frá íslenskum skólum

### Menntastefnan:

- **Menntastefnan A-hluti**

Okkar áhersla var fyrst og fremst efniskaup til að efla Leikur að læra „LAL“ til að efla þann þátt í hreyfingu og leik barna, miðað við breyttar aðstæður í húsnæðismálum.

- **Menntastefna B- Hluti**

Námssamfélag starfsmanna í leikskóla undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga. Kvistaborg var boðið til þátttöku af Menntavísindasviði, ásamt fjórum öðrum skólum að taka þátt í efla stærðfræð í námsumhverfi barna og við fengum 4.000.000 kr. í sameiginlegan styrk. Megin markmið með verkefninu er að starfsmenn leikskólanna fái tækifæri til að styrkja sig sem fagmenn í að greina hugmyndir ungra barna um stærðfærði og hvernig styðja má við þær í leikskólanum. Við fengum fræðslu inn í skólann og gátum sótt námskeið. Stærðfræðin er út um allt og við vorum að vinna í því að sjá það í daglegu starfi. Afraksturinn má meðal annars sjá á stærðfræðiveggnum, þar sem kennarar hengdu upp stærðfræðitengt viðfangsefni barna í frjálsum leik. Verkefninu er ekki lokið.

### Framkvæmdir og stækkun Kvistaborgar:

Enn er óvíst hvenær hafist verður handa um stækkun Kvistaborgar. Eftir töluvert rask frá árinu 2017, þá hefur skapast friður hjá okkur frá janúar 2022. Við búum við bráðabirgðaraðstöðu í fjórum húsum og erum svona í auga stormsins, því við vitum að framkvæmdir eiga eftir að hefjast á nýjan leik, á eldra húsnæði skólans og við getum ekki beðið eftir að komast undir eitt þak. Það getur nefnilega verið íþyngjandi þessir flutningar á húsgögnum, leirtaui, mat, uppvaski og fólki alla daga.

### Endurmat á starfinu – námssöguskráningar

Reglulega er starf Kvistaborgar metið. Uppákomur eru metnar jafn óðum, bæði af börnum og starfsmönnum. Börn koma að endurmati á starfi og vinnu sinni, í samverustundum eða samtali og með skráningum sem fara í ferilmöppur barnanna.

Við tókum einnig fyrir í vetur **námssöguskráningar**, ígrunduðum og skoðuðum leik barna og skráðum framfarir, bæði með ljósmyndum og rituðu máli. Markmiðið var að öll börn fengu slíka skráningu í „mappan mín“ yfir veturinn. Þessi vinna heldur áfram, en mikil ánægja var með þessa vinnu og afrakstur hennar.





## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Námssögu-skráningar	Fræðslu og umræðum	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri	Þetta verkefni var ekki á dagskrá vetrarins en með aukinni tengingu við Menntavísindasvið og meistaranema í leikskólakennarafræðum. Leiddi þörfin og umræður okkur að vönduðum námssöguskráningum í lærdómsferli barna.  Frábært verkfæri, einfalt og lærdómsríkt. Markmiðið að öll börn fái eina skráningu á önn í „Mappan mín“ og að virkja aðra starfsmenn í námssöguskráningu.
Mennta-stefnan B-hlutinn Stærðfræði ungra barna	Verkefnið er enn í vinnslu og endurmat og skýrslugerð fer fram veturinn 2023-2024 í umsjá Menntavísindasviðs	Það taka allir þátt.	Í vinnslu
Gleðihópur og gerð samskiptasáttmála	umræðumat	Allir starfsmenn	Við fengum fyrirlestur um gleði og fengum annan sérfræðing sem vann með okkur að gerð samskiptasáttmála Kvistaborgar. Mikil ánægja með þá vinnu sem var þvert á deildir. Þessi vinna hættir aldrei, við gerum okkur grein fyrir að við berum öll ábyrgð og höfum hlutverki að gegna í stórum hóp.
Regnboga-vottun	Enn í vinnslu, lýkur formlega haust 2023	Allir	Höfum fengið fræðslu og unnið heimavinnuna. Eigum eftir fá formlega Regnbogavottun og lok á verkefnið, sem mun þó alltaf halda áfram.

## Ytra mat


Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldra-könnun	Rafræn könnun, ein könnun send á heimili barns.	Foreldrar sent á 46 fjölskyldur og svör komu frá 36. Svarhlutfall 78,3%	Sjá umfjöllun hér neðar. Mikil bæting frá síðari könnun sem þó var mjög góð. Ánægja og traust foreldra leynir sér ekki og við finnum það og það skiptir okkur öllu máli. Við viljum halda fengnum hlut og gera enn betur, en gerum okkur fyllilega grein fyrir því að það getur reynst erfitt, við erum nánast á toppnum og hér er mat á samskiptum mjög margra sem snertast, en það sem er fyrir öllu er að barninu líður vel hjá okkur og við eigum styðjandi foreldrahóp.
Starfsmanna-könnun (stofnun ársins)	Rafræn könnun send á alla	Starfsmenn	Svarhlutfall 77,3%. Niðurstöður mjög jákvæðar og í samanburði við Reykjavík og Skóla- og frístundasvið, (aðra leikskóla) þá erum við vel yfir og við sitjum frekar hátt á topplistanum, þó ekki efst, það er alltaf rúm fyrir bætingu sem við sem starfsmannahópur munum einbeita okkur að.
Starfsmanna-könnun Innleiðing mennta-stefnunnar	Rafræn könnun send á alla	Starfsmenn	Svarhlutfall 71%, 20 af 28 sem er mjög eðlilegt, þar sem margir voru á launaskrá en voru ekki endilega virkir starfsmenn. Niðurstöður mjög jákvæðar og ánægjulegar og kom vel út og meðvitund um áhrif menntastefnunnar augljós.

## Nánar um foreldrakönnun Kvistaborgar 2023

Svarhlutfall 78,3%, einkunnargjöf frá 0-5. 4-5 er grænt, 3-3,9 er gult, 0-2,9 er rautt.

Við förum alltaf sameiginlega yfir niðurstöður foreldrakannanna á starfsmannafundi. Þær eru mikilvæg endurgjöf og gefa okkur miklar vísbendingar um samband okkar við foreldra. Allir vilja gera vel og skora sem hæst það er alltaf markmiðið hjá okkur. Við erum með allt á vel grænu fyrir utan eina súlu sem er gul. Allir liðir hækka á frá síðustu könnun, sem er mjög ánægjulegt.

Niðurstöður könnunarinnar staðfestir ánægju foreldra og barna í Kvistaborg og við gætum ekki verið ánægðari með útkomuna og höldum áfram á okkar braut að gera góðan





skóla enn betri. Eina gula súlan sem við fengum, hækkaði þó verulega frá síðustu könnun úr 3,20 upp í 3,75 og nálgast græna svæðið óðfluga. Spurningin er: „Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum“ Þessi spurning er á gulu hjá öllum, meðaltalið í Reykjavík er 3,48 og við erum yfir því. Síðustu ár hefur reynst erfitt að blanda foreldrum mikið inn í starfið vegna heimsfaraldurs, en það hefur hægt og sígandi verið að koma sterkar inn. Svo er það einnig okkar upplifun að foreldrar hafa mis mikinn áhuga á því að koma með hugmyndir, það er að sjálfsögðu opið öllum.

Hljýjast þykir okkur að fara yfir opin svör foreldra, en þar finnst okkur við fá mjög mikla hvatningu og stuðning á störf okkar og við þökkum fyrir það.


Það sem við ætlum að gera sérstaklega er að setja upp hugmyndapóstkassa fyrir foreldra í fataherbergjum, þar sem hægt væri að lauma inn góðum hugmyndum. Að auki ætlum við að nota okkar glugga vel í foreldraviðtölum og spyrja beint hvort að foreldra hafi einhverjar hugmyndir sem þeir vilja koma á framfæri. Þannig að foreldrar mega fara undirbúa sig.




Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




### Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfshö



### Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



### Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum





## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓ TAPÁTT UR/ MATSP ÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Bæta vinnu- aðstöðu	Færa kaffistofu í hús nr. 1	Auðvelt í framkvæmd	Leikskóla- stjóri	Haut 2023			Starfsmenn færast nær stjórnanda og eldhúsi skólans.
Virkja hug- myndir foreldra	Kalla eftir hugmyndum frá foreldrum	Hugumynda- póstkassi og viðbótar- spurning í foreldra- samtölum	Stjórnendur	Haut 2023	Vor 2024	Talning á hugmyndum og afgreiðslu þeirra	Foreldrakönn un 2025
Endur- skoðun á námskrá	Yfirfara nokkrar stefnur og endurbæta námskrá Kvistaborgar		Leikskóla- stjóri	Haut 2023	Vor 2024		Útgáfa á endurbættri námskrá Kvistaborgar
<b>Uppeldis- og mennta-starf</b>							
Hreyfing og gleði í Kvista- borg	Fengum styrk úr lýðheilsusjóði, til að efla hreyfingu enn frekar með skemmtilegu ívafi sem teygir sig í starfsmanna- hópin og heim til barnanna	Útbúin hreyfispjöld /bingó. Uppbrots- dagar yfir veturinn og enn meiri gleði. Virkjun á gömlum hópleikjum.	Stjórnendur	Haut 2023	Vor 2024	Umræðu- fundir starfsmanna Börninn koma einnig að matinu og jafnvel foreldrar með rafrænni könnun	Meiri fjölbreytni, jákvætt viðhorf og gleði
<b>Innra mat næsta skólaárs 2023-2024</b>							
	Hvernig fer matið fram	Herjir taka þátt í matinu?	<b>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>				
Mennta stefna A og B hlutann	Umræður	Starfsmenn					
Hreyfing og gleði í Kvista- borg og „LAL“	Umræður, Rafræn könnun	Allir, starfsmenn, börn og foreldrar					





### 3 Innra mat Reynilundar

Markmið okkar var að auka tenginu við vísindi og stærðfræði. Í tengslum við Biophilia verkefni Bjarkar Guðmundsdóttur náðum við að kynna tónlist, tækni og vísindi fyrir börnunum, forum í heimsókn í Vísindasmiðju HÍ. Keyptur var efniviður, bæði spil og annað sem eflir stærðfræði fyrir börn, skák var kennd og var vinsæl. Í tengslum við stærðfræðinámskeið sem deildarstjóri og leikskólastjóri fóru á, náðist að virkja starfsmenn til þátttöku í stærðfræðihugsun, að læra að setja upp stærðfræðigleraugu og loks fóru allir að sjá stærðfræði allt um kring í vinnunni með börnunum. Settur var upp stærðfræðiveggur inni á kaffistofu þar sem skráningar á stærðfræði í leik barnanna voru hengdar upp. Langflestir starfsmenn áttu þar skráningu. Aukning á efnivið og aukinn áhugi starfsmanna sást greinilega í lok tímabilsins.

Í ágúst 2022 voru 23 börn fædd 2017 á deildinni. Flutningurinn á milli deilda gekk mjög vel, því hópnum fylgdu 3 kennarar frá Asparlundi.

Haustið byrjaði á því að hrista saman hópinn, búa til reglur fyrir deildina sem börnin gerðu í sameiningu og einnig að ræða almennt um kurteisi og mannsiði. Hópurinn gekk heim að öllum heimilum barnanna og þar var tekin mynd. Gaman var að sjá þegar börnin uppgötvuðu hverjir væru nágrannar. Að þessu loknu tók við þema sem stóð yfir fram að jólum. Þemað var bókin Blómin á þakinu. Sagan var marglesin þessa mánuði og orð úr sögunni krufin, einnig völdu börnin orð úr sögunni sem sett voru á renning og geymd í vasateppi á deildinni, þar sem allir geta náð sér í orð til að lesa og skrifa. Börnin endursögðu síðan söguna í lok þemans, eitt og eitt í einu og kennarar skráðu niður þeirra útgáfu á sögunni. Að auki var unnið í skapandi starfi tengdu þemanu, bæði einslega og í hóp. Mikil kennsla fór fram um húsdýrin, afkvæmi þeirra og lifnaðarhætti. Einnig lærðu börnin mörg ný sönglög um dýr, húsdýr sem og önnur dýr. Ræktun fór einnig í gang, börnin bjuggu til blokkina hennar Gunnjónu og vildu líka hafa gras á þakinu eins og er í sögunni. Þau sáðu grasfræjum og upp spratt myndarlegt gras sem þurfti að vökva og klippa reglulega. Í desember tók svo við hefðbundið jólahald, við forum í yndislega jólalega heimsókn á Árbæjarsafn, þar sem þemað var jólin áður fyrr.

Eftir áramót byrjuðum við á verkefninu: Vinur dagsins. Það gengur út á að eitt barn fær að vera vinur dagsins í heilan dag, fær ýmis verkefni, t.d. að leggja á borð, bjóða til sætis, velja sönglög, fær að vera fremst í röð. Í samverustund að morgni er dregið hver er vinur dagsins. Allir segja svo fallett orð um vin dagsins. Orðið þarf að vera eiginleiki barnsins, ekki t.d. útlit. Orðaforði barnanna eykst stórkostlega við þetta, listrænn, hjálpsamur og samkennd eru t.d. orð sem þau læra. Vinur dagsins fer heim með stílabók, þar sem foreldrar segja frá bók sem var lesin heima fyrir vin dagsins.



Einnig er þar skráð góðverk sem vinurinn gerði. Þegar þessu verkefni lauk tók við verkefnið Biophilia, sem er sköpunarverk Bjarkar Guðmundsdóttur.

Að þessu sinni var líkaminn aðalkjarni verkefnisins. Byrjað var á því að fræða börnin um verkefnið og uppruna þess. Börnin fengu tækifæri á að vinna með spjaldtölvur og unnu verkefni í Biophilia appinu. Þar er hægt að fræðast um DNA, um vírusa, semja tónlist og skoða heiminn. Þessu til stuðnings horfðum við á fræðslumyndbönd sem heita „Einu sinni var lífið“, þar sem farið er yfir virkni líkamans í teiknimyndaformi. Foreldrar voru hvattir til að koma með eitthvað að heiman tengt líkamanum og við fengum inn röntgenmyndir og eina hlustunarpípu, andlitsgrímur og tunguspaða. Allir fengu að hlusta á hjartslátt vinar, virkilega skemmtilegt og fræðandi.

Í byrjun maí fór deildin í Vísindasmiðju HÍ, þar sem tekið var vel á móti okkur. Börnin fengu að útbúa sitt eigið vélmenni/róbót, fengu fræðslu um hitamyndavélar, litrófið og margt fleira. Áhugi barnanna fyrir vísindum tók heldur betur stökk þennan dag.

Á vorönn tókum við einnig þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Verkefnið snérist um fjögur sönglög eftir Ragnhildi Gísladóttur. Unnið var út frá kennsluhefti og undirspili frá Tónskólanum. Börnin fóru í heimsókn í TS og æfðu lögin með undirspili hljómsveitar. Einnig fengu þau kynningu á hljóðfærum. Börnin sungu síðan í Hörpu lög Röggva Gísla við mikinn fögnuð viðstaddra. Börnin hafa fengið góða æfingu í að koma fram þetta árið og hafa þrisvar sinnum sungið fyrir aldraða í Maríuhúsi en það er mikil hefð í Kvistaborg.



**Ferðir:** Farið var í Norrænahúsið á afmælisýningu um Einar Áskel, í Þjóðleikhúsið á sýninguna Ég get, í Borgarleikhúsið, þar sáum við sýninguna um Ofurhetjumús. Tvisvar sinnum á skólaárinu fórum við á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fyrst á sýninguna Undur jarðar og loks á sýninguna um Pétur og úlfinn og um Tobba túbu.

Gott samstarf var við Fossvogsskóla á skólaárinu, við fórum t.d. til þeirra og skoðuðum skólann, fengum að fara í útiþróttir, einnig í kennslustund. Börnin í fyrsta bekk í Fossvogsskóla komu einnig og heimsóttu okkur, einnig komu nemendur úr 7.bekk tvisvar sinnum og lásu fyrir börnin hér í Kvistaborg í litlum hópum. Við heimsóttum Neðstaland tvisvar sinnum, fyrst bara til að skoða húsnæðið og svo var okkur boðið í heimsókn þar sem börnin fengu að leika sér góða stund.

- **Reynilundur**

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka vægi hreyfingar	Auka vægi hreyfingar í daglegu starfi t.d. með betri nýtingu á sal leikskólans	Velja vikudag sem stangast ekki á við annað starf og almenna frídaga	Deildarstjóri	Sept 2023	Apríl 2024	Almenn skráning, t.d. í dagbókarformi	Samanburður á fjölda tíma við fyrra ár



## 4 Innra mat Asparlunda og Birkilunda


Deildirnar, Birki- og Asparlundur unnu mjög náið og mikið saman og var hópnum einungis árgangskipt í Lubbastundum, samverustundum, útikennslu sem og hreyfistundum. Allur frjáls leikur og allt þemastarf var unnið í sameiningu. Mikil áhersla var lögð á frjálsa leikinn og unnið var með fjölbreyttan efnivið. Útikennsla skipti miklu máli, sérstaklega fyrir áramót, en lagt var upp með að fara ávallt út fyrir lóð einu sinni í viku. Í útikennslu var unnið mikið með LAL – leikur að læra sem og almenna náttúrufræðikennslu þar sem leikurinn var alltaf í forgrunni.

Eins voru skipulagðar Lubbastundir og spjallhópar einu sinni í viku. Þessar stundir, þ.e. spjallhópar og útikennsla, dattu smá niður eftir áramót vegna þemavinnu sem unnin var alla vorönnina – Kjarval álfar og tröll. Þemaverkefnið Kjarval, álfar og tröll var unnið í samvinnu við Kjarvalsstaði og Barnamenningarhátíð. Unnið var með sérstakar Kjarvalsstundir í hádegi hvers dags þar sem líf og list Kjarvals var skoðuð. Sungin voru lög í tengslum við þemað og börnum boðið að leika í Kjarvalleikjum þar sem búningar voru við höndina. Unnin voru einstaklingslistaverk og sameiginleg listaverk út frá hugmyndafræðinni að börnin ráði ferðinni.

Í vetur voru unnin tvö þemaverkefni: húsdýrin fyrir áramót og Kjarval álfar og tröll eftir áramót. Unnið var á fjölbreyttan og þverfaglega hátt, meðal annars í gegnum skapandi starf en einnig með því að leyfa börnunum að leiða umræður og búa til spurningar í tengslum við sitt áhugasvið; hvað vitum við og hvað viljum við vita? Hluti af þemaverkefninu var að tengja inn þætti úr aðalnámskrá svo sem læsi, málörvun, stærðfræði, náttúrufræði, sköpun og lýðræði. Skapandi starf litaðist mjög svo af þemunum og vettvangsferðir á söfn og í Húsdýragarðinn voru nokkrar.

Rík áhersla er lögð á frjálsa leikinn og börnum gefið svigrúm og tími til að leika sér og detta í flæði í leik. Hlutverkakrókurinn var mjög vinsæll og hugmyndaflugið á fullu í búðaleik, verkstæði, læknastofu, húsbíll, Apollo 13, hárgreiðslustofu og margt annað. Eins var ærslahornið líka mikið notað. Þá var mjög vinsælt hjá árgangi 2018 að perla og lita og dunduðu þau sér oft í því. Euróvision var tekið alla leið, perlaðir fánar, parað við lönd/lög. Börnin æfðu lögin og fóru á svið og sungu og dönsuðu. Hefð er hjá okkur að börnin búa til Konu- og bóndadags gjöf. Hreyfing var alltaf í hverju viku skipulögð eða frjáls hreyfistund í salnum. Leiksvæðið í kringum Skálann hefur verið notað mikið í leik. Börnin er dugleg að nota hugmyndaflugið og höfum við verið að bjóða upp á drullumall og öðruvísi leikefni.

Eitt af því sem unnið var markvisst með þetta skólaár var matartíminn. Eftir áramót breyttum við matartímanum og fórum að vinna með hlaðborð þar sem hvert barn skammtaði sér mat á diskinn



sinn. Í þessu fólst að auka sjálfstæði og sjálfræði barnanna sem var mjög valdeflandi. Það tókst mjög vel og hugnast okkur að halda áfram með hlaðborðið á næsta skólaári.

Frjáls leikur og hæglátt leikskólastarf, þar sem einblítt var á að gefa börnunum tækifæri á að leika sér í friði, ró og flæði var veigamikill partur af starfinu.

- **Asparlundur**

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útikennsla og „LAL“ Leikur að læra	Alltaf að fara 1 x í viku í útikennslu	Að hafa þetta í forgang, ekki skipuleggja annað þessa daga	Deildastjóri og aðrir á deildinni	1.sept.	1.júni	Gera skráningu eftir hverja ferð hvað var gert og hvernig gekk og gera endurmat með börnunum	Ánægja og gleði barnanna

- **Birkilundur**

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útikennsla og „LÁN“ Listrænt ákall til náttúrunnar	Alltaf að fara 1 x í viku í útikennslu	Að hafa þetta í forgang, ekki skipuleggja annað þessa daga	Deildarstjóri og aðrir á deildinni	1.sept.	1.júni	Gera skráningu eftir hverja ferð hvað var gert og hvernig gekk. Gera endurmat með börnunum.	Ánægja og gleði barnanna





## 5 Innra mat Víðilundar

Víðilundur opnaði aftur haustið 2022 eftir að hafa verið lögð niður haustið áður. Aðeins voru 7 börn á deildinni og óvenju fámenn yngstu barna deild.

Aðlögun tók því ekki langan tíma inn í haustið og gekk mjög vel verð ég að segja, svo vel að kennarar upplifðum haustið eins og engin aðlögun hefði farið fram. Foreldra- og barnahópurinn þekktust líka vel úr hverfinu og börnin vön að leika við hvort annað. Engu að síður fannst okkur mikilvægt að gefa börnunum tíma og haustið nýttum við vel fyrir frjálsa leikinn og útiveru. Þar sem hópurinn var fámennur, gátum við leyft okkur að hafa „fljótandi“ dagskipulag að ákveðnu leyti, flæði. Frjálsi leikurinn og útivera voru fastir liðir í dagskipulaginu dag hvern. Íþróttir 1x í viku, en salnum var skipt á milli deilda, einn dag í viku sem gafst vel. Blæ, Lubba og skapandi starfi fléttuðum við svo inn í starfið.

Bæði hefur verið gefandi og krefjandi að vera með svo fámenna deild. Hópurinn mjög náinn, passar vel upp á hvort annað, eru stundum eins og systkini. Auðvelt að fylgja hópnum eftir og grípa þau tækifæri sem gefast í þeirra þroskaferli og áhugasviði.


Okkar heimastofa er ekki stór, deilum svo öðru rými með elstu deild (Reynilundi). Í heimastofu okkar þurftum við að skipuleggja okkur vel til að koma fyrir húsgögnum og jafnframt að hafa gólfpláss fyrir leikinn, en leikurinn hjá þeim fer mjög mikið fram á gólfinu. Gat á köflum verið þrúgandi sökum lítils rýmis, sérstaklega þar sem óvenju margir innidagar voru þennan veturinn sökum mikillar frosthörku.

Lestrarstundir hafa gengið mjög vel þennan veturinn, lesum a.m.k. tvisvar á dag. Barnahópurinn nýtur lestursins og eru einnig mjög dugleg að lesa sjálf og stundum fyrir hvort annað.

Blæ stundir ákváðum við að endurskoða og tengdum þær reglulega inn í samverustundir, í stað þess að hafa þær 1x í viku á einhverjum ákv. degi. Fannst okkur það gefast betur í stað þess að brjóta upp leik barnanna sem þau voru upptekin í. Nýttum Blæ þá einnig mikið í hinum ýmsu aðstæðum sem upp geta komið í leik barnanna og var hann því oft á tíðum sérlegur aðstoðarmaður í samskiptum og framkomu við hvort annað.

Samstarf og samvinna milli deilda gekk vel. Auðvelt að leita til samstarfsfélaga þegar þess þurfti.

Þátttaka foreldra við hinar ýmsu hefðir og hátíðir leikskólans var mjög góð og eins var foreldrasamstarf mjög gott.



- **Víðilundur**

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla sjálfshjálp, sjálfstæði og sjálfsbjargar- viðleitni	Leyfa þeim að takast á við áskoranir án þess að grípa of fljótt inn í.	Hvetja og að sama skapi styðja þau til sjálfshjálpar í fataklefa. Hvetja þau í matartíma til að skammta sér sjálf og ganga frá.	Deildarstjóri ásamt starfsfólk deildarinnar.	Haust 2023	Sumar 2024	Fara reglulega yfir, hvernig gengur með starfsfólki deildarinnar. M.a. á deildarfundum. Umræðumat	Að þau hafi trú á eigin getu og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
Gönguferðir	Æfa okkur að fara út fyrir skólann í litlum hópum.	Stuttar gönguferðir út fyrir lóð leikskólans	Deildarstjóri	Haust, vetur 2022 eftir veðráttu.	Sumar 2023	Deildarstjóri metur reglulega ásamt starfsfólki deildarinnar.	Að börnin kynnist nærumhverfi sínu og læri að fylgja hóp
Flæði	Flétta starfið inn í ákveðið flæði.	Leyfa börnunum að njóta sín á sínum forsendum án þess að við séum búin að ákv. eitthvað annað fyrir þau. Gefa þeim t.d. tíma fyrir góðan leik að blómstra.	Deildarstjóri	Haust '23	Vor '24	Metið á deildarfundum	Að gefa börnunum tíma, tækifæri og rólegheit, til að eflast m.a. í málörvun og félagsfærni Hæglátt leikskólustarf



## 6 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennarar voru með börn í þjálfun bæði ein og sér og inn í barnahópnum. Hér fór fram einstaklings miðuð sérkennsla/stuðningur í formi þjálfunartíma. Mikil félagsfærniþjálfun ásamt því að taka þátt í öllu daglegu starfi barnanna. Þjálfunartímar skráðir á þar til gerð blöð, hvað er í þjálfun í hvert skipti.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Hér var notað Aeps, Efi-2 og Hljóm. Einnig VP-MAP.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Hér er fullt af keyptum námsgögnum sem eru mikið notuð, einnig líka útbúin verkefni við hæfi af sérkennurum eftir þörfum.</p>

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun</b>	Auka vægi máhljóða kennslu	Þau sem eru með frávík hittist í litlum hópum og æfum máhljóð sem vantar	Sérkennslustjóri	Sept. 2023	Maí 2024	Markvisskráning og máhljóðamæling	Máhljóðakletturinn í Lubba.



## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það eru keypt námsgögn sem eru nýtt til málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í öllu daglegu starfi er málörvun nýtt og íslenska kennd. Einnig fer fram markviss kennsla í einstaklingsþjálfun. Hér er notað Gefðu 10 á öllum deildum. Unnið með grunnorðaforða hjá mjög slökum börnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Hér er alltaf verið markvisst að vinna með orðaforða bæði með lestri bóka, orðskýringum og Lubba. Samverustundir á hverjum degi spjallað og lesið, útskýrð ný orð og hugtök og tungumálið markvisst notað. Einnig er mikið sungið og þar koma fram ný orð sem auðga orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Stuðst er við hæfniramma sem miðast við fjöltyngda. Öll 3 ára börn fara í gegnum Efi-2 og 5 ára börn fara í Hljóm-2. Við notum einnig Tras til að meta framfarir og við gerum einstaklingsáætlanir þegar þess þarf.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já þetta er allt tekið með í markvissri málörvun barnanna.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Regluleg og markviss íslenskukennsla fjöltyngdra barna	Vera með markvissari íslenskukennslu fyrir fjöltyng börn	Einstaklingskennsla	Sérkennslustjóri	Sept. '23	Júní '24	Skráning á stöðu við upphaf kennslunnar framfarir metnar í lokinn	Að við sjáum árangur vinnunnar

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Allir starfsmenn eru virkir í sinni endurmenntun og bera ábyrgð á henni. Við vorum með fimm starfsmenn virka í námskeiðum Menntafléttunar í vetur sem er á vegum Menntavísindasviðs. Þar má nefna stærðfærði fyrir ung börn, yngstu börnin í leikskólanum og íslenskuþorpið. Tveir stunduðu mastersnám í menntunarfærðum leikskólabarna. Nokkrir sóttu ráðstefnu starfsfólks leikskóla á vegum Skóla- og frístundasviðs. Matráður sótti námskeið á vegum Menntaskólans í Kópavogi fyrir matráða í leikskóla og stjórnendur sóttu lærdómssamfélög sérkennslu og stjórnenda. Þrír sóttu starfslokanámskeið og allir nýir starfsmenn fara í gegnum móttökuáætlun og fá nýliðafræðslu á vegum miðju máls og læsis. Starfsþróunarsamtöl eru alltaf á dagskrá, en ekki náðist formlega að bjóða öllum upp á samtal en áætlunin færir fram á haustið.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Kvistaborg á í virku samstarfi við Fossvogsskóla og leikskólann Furuskóg um ýmsa viðburði og öðruvísi daga í Fossvogi, til að mynda furðufatadag og skipulagsdaga og fleira og gekk samstarfið mjög vel síðasta vetur. Í fylgiskjali nr. 2 og nr. 3 má sjá nýuppfærða áætlun um samstarf fyrir komandi skólaár, um er að ræða, samvinnu um nemendaskipti og svo sameiginlegar uppákomur skólanna í dalnum.

## 8 Foreldrasamvinna

Í Kvistaborg er starfrækt virkt foreldrafélag og foreldraráð sem standa að ýmsum uppákomum og viðburðum í samstarfi við skólann. Þennan veturinn var til að mynda hestaheimsókn, piparkökumálun, heimsókn jólasveins sem færir börnunum gjöf og svo var haldin sumarhátíð með öllum og bauð foreldrafélagið upp á hoppukastala, leiksýning um jólin með Línu Langsokk og svo var danskennsla sem endaði með sýningu fyrr foreldra.

Boðið var upp á tvö foreldraviðtöl að lágmarki. Foreldrafundir eru haldnir að morgni fyrir hverja deild í upphafi vetrar þar sem farið er yfir námsefni og starf deildarinnar. Nývistunarfundur er fyrir nýja foreldra sem hafa fengið úthlutað pláss fyrir barnið sitt í skólanum. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn einu sinni á ári að hausti.

Foreldraráð kemur saman eftir þörfum: Foreldrar sem gefa kost á sér til starfa annað hvort í ráðinu eða foreldrafélaginu, er boðið að taka þátt í jólaballi skólans og að þiggja hátíðarmat á eftir með starfsfólki.



## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 27. september
- 25. október
- 24. nóvember – sameiginlegur í hverfinu
- 5. febrúar – sameiginlegur í hverfinu
- 9. apríl
- 17. maí – sameiginlegur í hverfinu

## 10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal nr. 1 Skóladagatal

10.2 Fylgiskjal nr. 2 Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstlands í Fossvogi

10.3 Fylgiskjal nr. 3 Öðruvísi dagar í Fossvogi, Fossvogsskóli - Neðstaland – Furuskógur - Kvistaborg


10.4 Fylgiskjal nr. 4 verkefni Kvistaborgar – Ábyrgðarmenn

10.5 Fylgiskjal nr. 5 fagstarf með börnum – Ábyrgðarmenn

10.6 Fylgiskjal nr. 6 - Umsögn foreldraráðs

# Kvistaborg

F. h. leikskólans .....

 22/9 2023  
Leikskólastjóri                      Dagsetning







# Kvistaborg - Leikskóladagatal 2023 - 2024

Fylgiskjal nr. 1

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ Sumarfrí	1 F 57 ára afmæli Kvistaborgar	1 S B	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Amnar í Þrákum	1 M Veisluþingardagurinn	1 L	1 M
2 M Sumarfrí	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjónmáladagurinn	2 Þ
3 F Sumarfrí	3 S	3 Þ	3 F	3 S G	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F Sumarfrí	4 M	4 M	4 L	4 M Kaffihúsið Lundur	4 F Pálmisboó	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ Aðlögun	5 F	5 S J	5 Þ Kaffihúsið Lundur	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M Kaffihúsið Lundur	6 L Þrettíntími	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Frídagur vesturmannanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F Kaffihúsið Lundur	7 S IYIO	7 M	7 F	7 S HL	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ Sumarfrí	8 F Dagur leysis	8 S N	8 M	8 F Raufur dagur	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M Sumarfrí	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F Opnun eftir sumarfrí	10 S	10 Þ	10 F	10 S F	10 M	10 L	10 S	10 S Æ, EY / EI	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F Fátínlegur hárdagur	11 L	11 Þ	11 F Sumarfrí
12 L	12 Þ	12 F	12 S H	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F Sumarfrí
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L Sumarfrí
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S P	14 M	14 F	14 S HR	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M Sumarfrí
16 M	16 L Dagur íslenskrar rættis	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ Sumarfrí
17 F	17 S A	17 Þ	17 F	17 S S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M Sumarfrí
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F Sumarfrí
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 F EIU	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F Sumarfrí
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L Sumarfrí
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S T	21 M	21 F	21 S HN	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M Sumarfrí
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Sumarfrí
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M Sumarfrí
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F Sumarfrí
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 L	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F Sumarfrí
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Sumarfrí
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Sumarfrí
31 F	31 F	31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 S	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M Sumarfrí

Í reglum um leikskólalögnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalögnir ætka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfrí. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð víðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarfrí eða loki samfelldi í tíu til tuttugu

# Samstarf leik- og grunnskóla og Neðstlands í Fossvogi veturinn 2023-2024

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna, Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla og heimsóknir á báða bóga. Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

- 18. október** Nemendur úr Fossvogsskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn.
- 1. nóvember** Nemendur úr Furuskógi heimsækja Fossvogsskóla og labba um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstlandi. Aðstoðarskólustjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum.
- 2. nóvember** Nemendur úr Kvistaborg heimsækja Fossvogsskóla og labba um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstlandi. Aðstoðarskólustjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnum.
- 16. nóvember** Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Tímasetning ákveðin þegar nær dregur.  
(Dagur íslenskrar tungu)
- 11. – 15. des.** Fossvogsskóli býður nemendum úr leikskólanum á battójól. Nánari dagsetning ákvörðuð eftir veðri.
- Febrúar** Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi, æfing fyrir Stóru upplestarkeppnina
- 20. mars** Nemendur úr Furuskógi koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunnesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10.
- 21. mars** Nemendur úr Kvistaborg koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk borða morgunnesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10.
- apríl** Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma í íþróttir í Fossvogsskóla með 1. bekk, fara Fossóhringinn og taka þátt í íþróttatíma. Íþróttatíminn hefst klukkan ????
- maí** Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma og horfa á sal hjá nemendum í 1. bekk.

# Öðruvísi dagar í Fossvogi 2023 – 2024

## Fossvogsskóli – Furuskógur – Kvistaborg - Neðstaland

Föstudagur 13. október

Bleikur dagur



Mánudagur 23. október (Kvistaborg og Furuskógi)

Bangsa og náttfatadagur



Þriðjudagur 31. október

Hrekkjavökudagur



Miðvikudagur 8. nóvember

Grænn dagur (Baráttudagur gegn einelti)



Föstudagur 1. desember

Þjóðlegur dagur



Föstudagur 8. desember

Jólapeysudagurinn/Rauður dagur



Föstudagur 26. janúar

Hattadagur



Miðvikudagur 14. febrúar

Öskudagur



Fimmtudagur 21. mars

Mislitir sokkar (Alþjóðlegi Downs dagurinn)



Föstudagur 22. mars

Furðufatadagur



Fimmtudagur 11. apríl

Fáránlegur hárdagur





Föstudagur 24. maí

Íþróttafatadagur









**Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð Kvistaborgar lýsir yfir ánægju með faglega og metnaðarfulla starfsáætlun Kvistaborgar. Kennarar leikskólans hafa sýnt frumkvæði við fjölbreytta kennsluhætti. Börnin hafa notið sérstaklega góðs af frumkvöðlaverefnum á borð við Listrænt ákall til náttúrunnar, Kjarvalkrakkarnir, sem náði hámarki í listasýningu barnanna á Kjarvalsstöðum á Barnameningarhátíð. Verkefnið þótti sérstaklega metnaðarfullt og náði athygli landsmanna allra gegnum fjölmiðlaumfjöllun. Öll börn leikskólans tóku á einhvern hátt þátt í Barnameningarhátíð sem mæltist sérstaklega vel fyrir meðal foreldranna.

Áfram er Kvistaborg til fyrirmyndar í að hvetja börn til hreyfingar og tvinna útiveru og íþróttir inn í starfið. Samstarf við Víking, íþróttafélag hverfisins er til mikillar fyrirmyndar sem hvetur börnin til íþróttaiðkunar. Kennarar skólans hafa lagt sig í líma við að tengja börnin íþróttastarfinu t.d. með vikulegum heimsóknum elstu deildar í Víkina, íþróttahús hverfisins. Þar að auki hafa kennarar boðið nýkrýndum Íslands- og bikarmeisturum Víkings bæði í kvenna- og karlaflokki í heimsókn með verðlaunagripum sína, börnunum til ómældrar ánægju. Íþróttahátíðin sem haldin er árlega er mikið tilhlökkunarefni hjá börnunum og þar virkilega vel að verki staðið meðal starfsliðsins alls. Forysta skólans hefur nú fengið styrk úr Lýðheilsusjóði til að stuðla enn frekar að heilbrigðu líferni og lífsviðhorfi meðal barna okkar og er það til fyrirmyndar.

Mikilvægt er að kennarar njóti frjálsræði í kennslu og fái nægjanlegan tíma til undirbúnings til að slík verkefni fái að blómstra, kennslan verði sem fjölbreyttust og geti þannig höfðað til sem flestra barna. Foreldraráð lýsir ánægju sinni með þann fjölda nema sem kemur að starfi leikskólans. Slíkt teljum við afar örvandi fyrir starfsfólkið sem og nemendurna. Hvort sem um ræðir leikskólakennaranema, íþróttafraeðinema eða tímavinnustarfsfólk t.d. í sálfræðinámi njóta börnin góðs af þeirra sérþekkingu.

Foreldraráðið lýsir mikilli ánægju með þá fæðu sem börnunum er boðið upp á á skólatíma, við teljum matráðinn einstakan. Fæðan er holl og fjölbreytt og elduð frá grunni í leikskólanum. Við teljum afar brýnt að svo verði áfram enda er matráður Kvistaborgar í miklum metum bæði meðal barnanna og foreldra.

Gæði starfsins sem unnið er í Kvistaborg endurspeglast í könnun sem var gerð meðal foreldra og tíunduð er í skýrslunni. Niðurstöðurnar eru starfsfólki skólans til mikils sóma og ber fagmennsku þess fagurt vitni. Foreldraráð er ánægt með það markmið skólastjórnenda að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar að bæta enn um betur samstarf við foreldra gegnum foreldrafélag og fræðslu til foreldra. Að loknu COVID og erfiðum húsnæðismálum vegna myglu í Kvistaborg er tilvalið að fá foreldra til enn frekara samstarfs.

Foreldraráð lýsir ánægju og fullum stuðningi við metnaðarfullt starf leikskólastjóra, kennara og starfsmanna Kvistaborgar.

Anna Björnsdóttir

Sigurlaug Dröfn Bjarnadóttir